

Reglur Dalvíkurbyggðar um tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda. Málsnúmer: 201701040.

1. gr. Almennt

Í 6. gr. Samþykktar um gatnagerðargjald í þéttbýli sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar, nr. 704 frá 17. júlí 2007, segir um sérstaka lækkunarheimild eða niðurfellingu gatnagerðargjalda, sbr. 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006, að hana megi viðhafa við: „Sérstakar ástæður, t.d. þétting byggðar, atvinnuuppbygging, lítil ásókn í lóðir eða eftirspurn eftir leiguhúsnæði.”

2. gr. Markmið og gildissvið

Markmið reglna þessara er að ýta undir nýbyggingar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vonast til þess að tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda örvi eftirspurn eftir þegar tilbúnum lóðum, leiði til aukins framboðs á íbúðarhúsnæði, bæði til eignar og leigu, og þéttingu byggðar. Jafnframt er markmið sveitarstjórnar að stuðla að frekari atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hefur meðal annars til hliðsjónar Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar og Atvinnustefnu Dalvíkurbyggðar.

Í samræmi við þetta samþykkir sveitarstjórn að beita tímabundið ákvæði 1. mgr. 6.gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og að fella tímabundið niður gatnagerðargjöld af byggingum einstaklinga og fyrirtækja á þegar tilbúnum lóðum við þegar tilbúnar götur til byggingar íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

3. gr. Skilyrði

Sækja þarf sérstaklega um þessa niðurfellingu á til þess gerðu eyðublaði á heimasíðu sveitarfélagsins.

Framkvæmdir skulu hefjast innan gildistíma þessara reglna.

Niðurfelling gatnagerðargjalda nær til lóða sem auglýstar eru lausar til umsóknar á heimasíðu sveitarfélagsins á gildistíma reglnanna. Sjá nú (meðfylgjandi fylgiskjal I):

<https://www.dalvikurbyggd.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingarmal/lausar/ibudalodir>
<https://www.dalvikurbyggd.is/is/moya/page/idnadarlodir>

Lóðarhafi greiðir öll önnur gjöld þar með talið tengigjöld hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu.

4. gr. Staðfestingargjald

Umsækjandi lóðar greiðir staðfestingargjald vegna lóðarumsóknar samkvæmt gildandi gjaldskrá byggingafulltrúa.

5. gr. Heimild til afturköllunar lóðarúthlutunar

Um heimild til afturköllunar lóðar vísast til almennra skilmála Dalvíkurbyggðar um lóðaúthlutun og lóðagjöld, samþykkt í sveitarstjórn 28. október 2014.

6. gr. Gildistaka

Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda og reglur þessar eru settar eru á grundvelli 6. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og taka gildi frá og með 1.1. 2021. Reglurnar gilda til og með 31.12.2022 og eru ekki afturvirkar.

Samþykkt á 970. fundi byggðaráðs þann 10.12.2020
Samþykkt á 330. fundi sveitarstjórnar þann 15.12.2020.

Fylgiskjal I

Íbúðalóðir

Dalvík:

Sem stendur eru eftirfarandi lóðir lausar til umsóknar í Hólahverfi á Dalvík.

- Skógarhólar 8
- Skógarhólar 11

Í Túnahverfi eru eftirfarandi lóðir lausar:

- Miðtún 2
- Hringtún 10
- Hringtún 23
- Hringtún 26
- Hringtún 28
- Hringtún 34
- Hringtún 36
- Hringtún 42-48 (lóð fyrir raðhús)
- Lóðir við Mýrarveg

Vinsamlega smellið [hér til að sjá nánari teikningu af svæðum Hóla- og Túnahverfis](#).

Við Böggvisbraut eru eftirfarandi lóðir lausar:

- Böggvisbraut 14

Við Karlsbraut eru eftirfarandi lóðir lausar:

- Karlsbraut 3

Við Skíðabraut eru eftirfarandi lóðir lausar:

- Skíðabraut 3

Hauganes:

- Ásholt 7
- Lyngholt 4
- Lyngholt 6
- Lyngholt 7
- Lyngholt 8
- Klapparstígur 4
- Klapparstígur 6
- Klapparstígur 8
- Klapparstígur 9
- Klapparstígur 10
- Klapparstígur 18

Árskógssandur

- Aðalbraut 10
- Aðalbraut 16
- Ölduata 2
- Öldugata 8
- Ægisgata 1

Svarfaðardalur:

- Laugahlíð - Lóð B
- Laugahlíð - Lóð E

- Laugahlíð - Lóð F

Skipulagsmynd af Laugahlíð - Gott að stækka vel

Iðnaðarlóðir

Dalvík:

- Lóðir við Sandskeið

Deiliskipulag hafnarsvæðisins á Dalvík

Árskógssandur:

- Hafnargata 2
- Hafnargata 4
- Hafnargata 6
- Öldugata 33
- Öldugata 35
- Öldugata 37

Deiliskipulag athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis á Árskógssandi

Hauganes:

- Hafnargata 6A